

Sp.

27. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til þess að tryggja íslenskum bjargræðisvegum vinnuafli.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Ingólfur Jónsson, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar samvinnu við verka-lyðssamtök landsins um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að atvinnuvegir þjóðarinnar bíði hnekki eða afrækist að meira eða minna leyti vegna vinnuafllsskorts af völdum hinna fjölþættu framkvæmda erlendra hernaðaraðila í landinu.

Njóti ríkisstjórnin í þeirri viðleitni stuðnings og samvinnu Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélagsins, Landssambands iðnaðarmanna og annarra samtaka, sem forystu hafa í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins. Jafnframt leiti ríkisstjórnin nú þegar nýrra samninga við stjórnir setuliðanna um þessi mál.

Greinargerð.

Sú staðreynd er nú öllum kunn, að verulegur skortur er orðinn á vinnuafli til ýmissa íslenskra framleiðslustarfa. Meginorsök þess, að svo er komið, er hin mikla atvinna, sem hin erlendu setulið hafa veitt, ekki aðeins í höfuðstað landsins, heldur og sums staðar úti um byggðir. Nú munu vera, samkv. upplýsingum, sem flm. hafa fengið, um 2500 íslenskir menn í þjónustu setuliðanna, auk allra skrifstofumanna og þeirra, er vinna að bátaflutningum fyrir herinn; enn fremur er ekki í þessari tölu allur sá fjölmenni hópur kvenna, sem starfar að þvottum og veitingasölu til setuliðsins. Hin harða samkeppni um vinnuaflið af hálfu setuliðanna hefur þannig sett íslenska atvinnuvegi í nauðvarnaraðstöðu. Sannast sú staðreynd bezt á því kaupgjaldi, sem margir bændur hafa orðið að greiða í sumar og víða er í algeru ósamræmi við greiðslugetu landbúnaðarframleiðslunnar.

Samkv. upplýsingum ráðningarstofu landbúnaðarins bárust henni í sumar á annað þúsund beiðnir frá bændum um kaupafólk. Má þó óhikað fullyrða, að mörg hundruð fleiri umsóknir hefðu borizt, ef skrifstofan hefði ekki neyðzt til þess að láta það berast út til bænda, að vonlaust væri, að umsóknum þeirra yrði fullnægt, er vitað var um fjölda ráðningarbeiðna. Aðeins 300 manns réðust til bænda fyrir milligöngu ráðningarstofunnar. Jafnhliða starfsemi ráðningarstofunnar í sumar voru einnig önnur öfl að verki. Mikinn hluta sumarsins gat að líta í blöðum höfuðborgarinnar auglýsingar á þessa leið:

„Vantar nokkra menn, mikil eftirvinna og helgidagavinna.“

Það reyndist enn fremur svo, að samningar þeir, sem gerðir voru við setuliðin í vor um nokkra fækkun í setuliðsvinnu, munu hafa komið að litlu haldi, a. m. k. landbúnaðarframleiðendum.

Það virðist nú orðið auðsætt, að framleiðslu landbúnaðarins standi geigvænleg hættu af vinnuafllsskortri til framleiðslunnar. Og þessi staðreynd er ekki aðeins hættuleg hagsmunum og velferð þeirra, sem þennan atvinnuveg stunda, heldur og þjóðinni í heild. Matvælaframleiðslu þjóðarinnar er hættu búin, ef bændur verða að skera niður búpening sinn vegna fódurskorts, en á hinni innlendu matvælaframleiðslu verður mjög að byggja á tímum sem þeim, er nú standa yfir.

Auk þess má á það benda, að öll framtíð þjóðarinnar hlýtur á því að byggjast, að atvinnuvegir hennar verði starfræktir. Hin erlenda setuliðsvinna er hins vegar stundarfyrirbrigði, sem öll þjóðin vonar, að standi sem skemmst. Þá verða það hinir íslensku bjargræðisvegir, sem einir hljóta að brauðfæða þjóðina. Á því veltur þess vegna mikið, að gerðar séu í tíma ráðstafanir til þess að tryggja það, að þjóðin sjálf, atvinnuvegir hennar, verði ekki undir í samkeppni við hina erlendu hernaðaraðila í þessum efnum.

Hér hefur verið lauslega drepit á örðugleika þá, sem landbúnaðurinn hefur átt

við að etja af völdum fólksstraumsins úr sveitunum til framkvæmda á vegum hinna erlendu setuliða. En því fer fjarri, að landbúnaðurinn einn verði fyrir barðinu á hinni erlendu samkeppni í þessum efnunum, þótt sennilega sé hans aðstaða örðugust.

Samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands er auðsætt, að um samdrátt er að ræða hjá útgerðinni, t. d. hér á Suð-Vesturlandi, m. a. vegna skorts á mannafla til þess að halda skipunum úti. Má þessu til sönnunar benda á nokkrar tölur.

Í aprilmánuði árið 1939 er heildartala skipa, sem gerð eru út frá verstöðvunum í þessum landshluta, Grindavík, Höfnum, Sandgerði, Garði, Keflavík, Njarðvíkum, Vatnsleysuströnd, Vogum, Hafnarfirði, Reykjavík og Akranesi, 207. Á þessum skipum eru á sama tíma 2755 menn. Í aprilmánuði s. l. eru frá þessum sömu verstöðvum gerð út 177 skip með samtals 2195 mönnum. Í einni einstakri þessara veiðistöðva hefur útgerðin dregið saman úr 29 skipum með 256 menn í apríl 1939 í 12 skip með 84 mönnum í apríl 1942. Þessar tölur tala sínu máli. Það er einnig vitað, að víða í sjávarþorpunum úti um land hafa verið verulegir örðugleikar á að manna öll skip og báta, er þaðan hafa verið gerð út á aðalvertíðinni.

Sú þróun, sem hér hefur lauslega verið lýst í atvinnumálum þjóðarinnar, er hin dapurlegasta. Allir menn hljóta að sjá, hve ógiftusamlega hér horfir. Flóttann frá skapandi starfi í þágu hjargræðisvega þjóðarinnar til ófrjórna framkvæmda í þágu erlendra herja verður að stöðva. Þjóðin má ekki afrækja atvinnulíf sitt; skipunum, sem sjó sækja, þarf að fjölga, en ekki fækka. Ræktun landsins og nytjan þess má ekki dragast saman, heldur verður hún að aukast. Tillaga sú, sem hér er flutt, stefnir að því, að íslensk stjórnarvöld og þjóðin sjálf hefji öflugri baráttu en áður gegn flóttanum frá framleiðslunni. Í þeirri baráttu verða verkalyðssamtökin og samtök bænda, útvegsmanna og iðnaðarmanna að vinna saman.

Þótt hjáróma og skilningslitlar raddir hafi um þessi efni heyrzt úr hópi stjórnmálamanna, sem telja sig foringja verkamanna, er auðsætt, að samvinnu verður að leita við verkalyðssamtökin um þessi mál.

Það, sem hér þarf til að koma, er almennur skilningur þjóðarinnar á því, að framtíð hennar byggist á því, að atvinnulíf hennar standi sem styrkustum fótum, þegar núverandi styrjaldaarástandi lýkur. Ef hins vegar flóttinn frá framleiðslunni heldur áfram, hlýtur svo að fara, að atvinnulífinu hrörnar og þjóðin heldur lengra áleiðis á þeim ógæfustigum, sem hún óneitanlega hefur troðið um skeið.